

2. fundur Betadeildar starfsárið 2023-2024

Jólafundur haldinn fimmtudaginn 23. nóvember kl. 19.00 í hliðarsal veitingahússins Striksins við Skipagötu, Akureyri.

Aðalbjörg Bragadóttir formaður opnar fundinn og býður Helenu Sigurðardóttur að kveikja á kertum. Aðalbjörg flytur síðan kveðjur frá fjarstöddum konum og býður Önnu Þóru Baldursdóttur að flytja orð til umhugsunar.

Anna Þóra flytur tvö jólakvæði og segir örlítið frá þeim. Hún tengir kvæðin annars vegar við sín bernskujól og skólagöngu og hins vegar við að vera móðir skólapilts sem gert var að semja kvæði um jólin. Fyrri kvæðið er eftir Matthías Jochumsson, hið tregablandna og fallega jólakvæði *Jólin 1891*. Hið síðara er eftir son Önnu Þóru, Bjarna Má Magnússon, sem hann orti 12 ára gamall, og ber titillinn *Jólin 1991*. Beta-systrum hlýnaði inn að dýpstu hjartarótum við þennan lið.

Aðalbjörg tekur næst við og segir frá heiðrun Eyglóar Björnsdóttur Beta-konu en hún fékk viðurkenningu sem ber heitið European Achievement Award veitt af European Forum í Finnlandi sl. sumar. Aðalbjörg ítrekar hversu dýrmæt og eljusöm Eygló hefur alltaf verið í störfum við fyrir samtökin innan lands og utan. Eygló þakkar fyrir sig og fyrir styrk sem hún hlaut til ferðarinnar úr Elísabetarsjóði. Eygló notar líka tækifærið til að brýna konur nú til að sækja þing og ráðstefnur erlendis, þetta sé einstakt tækifæri. Til dæmis er fram undan þing í Englandi sumarið 2025 sem einboðið er að sækja sérstaklega ef áfram verður í boði beint flug frá Akureyri til Lundúna.

Þá er matur borinn á borð og Írena Rut starfsmaður Striksins segir stuttlega frá veitingunum og fyrirkomulagi við hlaðborðið. Svangar systur fylgja fyrirmælum í öllu og njóta matar og samveru.

Aðalbjörg tekur þá aftur við og kynnir gesti kvöldsins sem eru tvær öflugar skáldkonur.

Linda Ólafsdóttir myndlýsir og rithöfundur stígur fyrst á stökk og segir frá nýútkominni bók sinni, *Ég þori, Ég get, Ég vil*. Þessi bók kom fyrst út á ensku í Bandaríkjunum hjá forlagi þar. Kveikjan að bókinni var Kvennafrídagurinn 24. október 1975. Hún var svo þýdd á íslensku í ár og tileinkar Linda tengdamóður sinni bókinni sem hefur verið óþreytandi að segja henni frá þessum merka degi. Linda segir Beta-systrum frá frásagnarmáta bókunnar og myndlýsingum sínum. Linda hefur myndlýst fjöldan allan af bókum en ásamt því að skrifa bækur er hún kennari og námskeiðshaldari. Bókina má fá hjá henni, Forlaginu og í Pennanum Eymundsson bæði á íslensku og ensku. Aðalbjörg þakkar Lindu fyrir þetta skemmtilega innlegg og færir henni rós.

Brynhildur Þórarinsdóttir er seinni gestur jólafundarins og býður Aðalbjörg hana velkomna.

Brynhildur segir aðeins frá sjálfri sér og sínum ferli sem rithöfundur. Hún tekur upp þráðinn frá Lindu um framlag kvenna og ræðir Guðrúnu Helgadóttur einn ástsælasta barnabókahöfund þjóðarinnar. Sú lauk framhaldsskóla en varð svo að gerast fyrirvinna og vinna fyrir sínum eiginmönnum (hún var jú tvígift). Og rétt eins og Astrid Lindgren hóf Guðrún sinn rithöfundarferil eftir fertugt.

Brynhildur ræðir sína fyrstu bók sem var endurgerð af *Njálu*. Sú bók hefur verið uppseld lengi en nú er hún komin út í endurprenti og örlítið lagfærð að tíðarandanum. Brynhildur segir frá því að hún hafi heimsótt Beta-deild áður en þá var hún að gefa út *Ungfrú Fótbolta* fyrir fjórum árum síðan. Upp á síðkastið hefur Brynhildur fengist við að flétta saman skáldskap og raunverulega atburði. Hún er með bók í jólabókaflóðinu þó hún hefði heldur viljað að bókin kæmi út í vetrarfríum barna og ungmenna á Íslandi. Umrædd bók, *Smáralindar-Móri*, er þó ekki eina bókin sem er að koma því rétt ókomin er bók um Þorbjörgu Hólmasól. *Smáralindar-Móri* er bók fyrir unglinga og hafði Brynhildur hæglæs ungmenni í huga og bjó svo um hnútana að bókin yrði ekki dýr. Í bókinni leikur hún sér með

Þjóðsagnararf okkar Íslendinga og verslunarmiðstöð. Brynhildur les upp úr bókinni og fær góðar undirtektir. Í lokin svarar Brynhildur spurningum greiðlega og verður úr góð umræða um bókaútgáfu nú á dögum og markaðsöflin. Aðalbjörg færir Brynhildi rós og þakkir frá deildinni fyrir þessa áhugaverðu og skemmtilegu heimsókn.

Beta-systur gæða sér á eftirrétti og meðan súkkulaðímúsinn rennur ljúflega niður dregur Aðalbjörg í happdrættinu sívinsæla. Jóhanna sendi fundinum hlýja kveðju í fjarveru sinni og frá henni kom happdrættisvinningur sem féll Anítu í skaut enda var hún númer eitt alveg frá byrjun. Aðalbjörg minnir Beta-systur á bókafundinn í janúar og fer aðeins yfir undirbúningshópinn.

Helena slekkur á kertum og Aðalbjörg slítur fundi kl. 21:20.

Fundargerð ritar Hildur Hauksdóttir í fjarveru Sigurbjargar Rúnar Jónsdóttur.